

Fimmtudaginn 12. apríl 1984.

Nr. 225/1983. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðrúnu Rögnu Aðalsteinsdóttur

(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Áfrýjunarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kvað upp Oddur Ólason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Ríkissaksóknari átti frumkvæði að áfrýjun málsins, en hann skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1983. Ágrip barst Hæstarétti 22. febrúar 1984.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar ákvörðun refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Hins vegar er þess krafist, að ákvæði dómsins um ævilanga sviptingu ökuleyfis verði „breytt í réttindasviptingu um ákveðinn tíma, þó eigi skemmri en 6 mánuði frá 1. október 1983...“ Þá er þess krafist, að allur áfrýjunarkostnaður málsins verði lagður á ríkissjóð, en af hálfu ákærvalds er eigi krafist saksóknarlauna.

Verjandi krefst staðfestingar héraðsdóms að því er varðar refsingu. Hann fellst á kröfu ákærvalds um styttingu ökuleyfissviptingar. Þá tekur verjandi undir kröfu ákærvalds um, að áfrýjunarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ. á m. verði sér tildæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

I.

Svo sem að framan greinir, átti ríkissaksóknari einn hlut að því, að máli þessu var skotið til Hæstaréttar, og barst eigi ósk um það frá ákærðu. Þegar henni var birt stefna, óskaði hún ekki eftir verjanda fyrir Hæstarétti.

II.

Sakargögnum er rétt lýst í héraðsdómi, en í reifun á framburði

ákærðu fyrir rannsóknarlögreglu 25. janúar 1983 um áfengisneyslu fyrir akstur er nákvæmara að geta þess, að ákærða kveðst hafa drukkið u.þ.b. hálfa flösku af portvíni. Framburðir hennar um áfengisneyslu að loknum akstri eru reikulir og mótsagnakenndir og ekki marktækir. Lögreglumaður fylgdi henni inn á heimili hennar og út í lögreglubifreið, svo sem segir í héraðsdómi, og telur hann gersamlega útilokað, að hún hafi neytt áfengis eftir að akstri lauk. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdóms svo og færslu til refsíákvæða.

III.

Samkvæmt gögnum máls sætti ákærða 4.000.00 króna sekt með dómsátt í sakadómi Akureyrar hinn 1. október 1982 og svo ökuleyfissviptingu í 12 mánuði frá sama degi að telja fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Sektina greiddi ákærða að fullu 7. febrúar 1983. Brot þetta framdi ákærða 12. júní 1982, og reyndist alkóhólmagn 1.89‰ í blóðsýni, er tekið var úr henni. Í héraðsdómi var talið, að dómsátt þessi hefði ítrekunaráhrif, þegar meta skyldi viðurlög, þ. á m. ökuleyfissviptingu, fyrir brot það, sem þar er dæmt um. Þetta er eigi rétt, sbr. skýlaus orð 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að ákveða refsingu í máli þessu með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga og við ákvörðun ökuleyfissviptingar ber einnig að hafa hliðsjón af meginreglu þeirrar greinar. Rétt þykir að staðfesta refsingu í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing sektar verði varðhald 8 daga og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá uppsögu dóms þessa. Svipta ber ákærðu ökuleyfi í 6 mánuði frá 1. október 1983 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Rétt þykir, að allur áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 6.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Refsíákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, þó svo, að vararefsing sektar verði 8 daga varðhald og greiðslufrestur 4 vikur frá uppsögu dóms þessa.

Ákærða, Guðrún Ragna Aðalsteinsdóttir, er svipt ökuleyfi í 6 mánuði frá 1. október 1983 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur kostnaður við áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmanns, 6.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 12. ágúst 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrir í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. ágúst 1983, „á hendur Guðrúnu Rögnu Aðalsteinsdóttur, húsmóður, Þingvallastræti 36, Akureyri, fæddri þar í bæ 16. febrúar 1955, fyrir að aka, fimmtudaginn 2. september 1982, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni A-7401 frá Þingvallastræti 36 og um götur Akureyrar-bæjar uns akstri hennar lauk í Þingvallastræti.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisvipingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1972 25.08 á Akureyri. Sátt, 1.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 5. mgr. 45. gr., 3. mgr. 49. gr. umfl.

1974 27.02 á Akureyri. Sátt, 1.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 47. gr. umfl.

Málavextir.

Fimmtudaginn 2. september 1982 um kl. 17.30 var tilkynnt til lögreglunnar á Akureyri, að grunur léki á því, að ökumaður bifreiðarinnar A-7401 gæti verið undir áhrifum áfengis.

Eftir stutta eftirgrensulan veittu lögreglumenn nefndri bifreið athygli, þar sem henni var ekið vestur Þingvallastræti, og nam hún staðar við hús númer 36 við þá götu.

Þegar lögreglumenn komu að bifreiðinni, kom í ljós, að ökumaður var ákærða í máli þessu, Guðrún Ragna Aðalsteinsdóttir.

Aðspurð um áfengisneyslu kvaðst ákærða hafa drukkið smávegis af portvini heima hjá sér fyrir u.þ.b. hálfri klukkustund. Því næst hefði hún ekið niður í miðbæ og væri að koma þaðan.

Þar sem öndunarsýni sýndi 3. stig, var ákærða færð fyrir varðstjóra á lögreglustöðinni. Ennfremur tók vakthafandi læknir, Hjálmar Freysteinson, blóðsýni úr ákærðu. Farþegar í bifreið ákærðu umrætt sinn voru tvö börn hennar, annað á öðru ári, hitt sex ára.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra endurtók ökumaður fyrri framburð um leið þá, sem ekin var þá fyrir um daginn.

Varðandi áfengismagn taldi ákærða það hafa verið tvö glös af portvíni blandað með vatni. Ákærða kvaðst hafa drukkið þetta á tímabilinu 15.30 til 17.00 þá um daginn.

Ákærða kvaðst ekki hafa drukkið áfengi, eftir að akstri lauk.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra um útlit og önnur einkenni var áfengisþefur af andardrætti ákærðu talsverður, litarháttur fögur, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi stöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 13. sept. 1982, reyndist magn alkóhóls í blóði ákærðu hafa verið 1.51‰.

Ákærða kom til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri hinn 25. jan. 1983. Framburður ákærðu varðandi akstursleið var óbreyttur. Ákærða kvaðst á hinn bóginn hafa drukkið u.þ.b. hálfu flösku fyrir aksturinn. Ákærða kvað lögreglumenn hafa haft tal af sér, eftir að hún hafði numið staðar á stæðinu heima hjá sér. Þegar ljóst varð, að ákærða ætti að fara með lögregluþjónunum á lögreglustöðina, kvaðst ákærða hafa farið þess á leit að fá að koma börnunum til kunningjakonu sinnar. Hafi ákærða í þessu skyni því næst farið ásamt öðrum lögreglumannanna inn í íbúð sína. Ákærða kvað lögreglumanninn hafa beðið í forstofunni, en á meðan hafi ákærða í hugsunarleysi drukkið hálfan elefantbjór úr dós. Eftir það hafi hún farið niður á lögreglustöð, sem áður er rakið.

Vegna framburðar ákærðu um áfengisneyslu, eftir að akstri lauk, gaf Gunnar J. Jóhannsson lögreglumaður, nú til heimilis í New York, viðbótarskýrslu í málinu. Lýsti hann aðdraganda eins og áður er rakið og að hann hefði farið með ákærðu inn á heimili hennar, þar sem ekki þótti fært, að börn hennar yrðu henni samferða á lögreglustöðina. Lögreglumaðurinn kvaðst hins vegar aldrei hafa misst sjónar á ákærðu og væri hann þess fullviss, að ákærða hefði ekki haft tækifæri til að drekka neitt þann tíma, sem hún dvaldist í íbúðinni. Lögreglumaðurinn kvaðst ennfremur ekki hafa séð bjór eða vínföng í íbúðinni. Hann taldi, að u.þ.b. 15-20 mín. hefðu liðið frá því að ákærða lauk akstri og þar til á lögreglustöðina var komið.

Ákærða kom fyrir sakadóm Akureyrar 18. ágúst 1983. Ítarlega aðspurð um áfengisneyslu, eftir að akstri lauk, kvaðst hún telja vafalítið, að áfengisáhrif þau, sem mældust í blóði hennar, stöfudu að mestu eða öllu leyti af neyslu hennar, áður en aksturinn hófst umræddan dag. Það, sem hún

hefði drukkið, eftir að akstri lauk, hefði verið smávægilegt og í engu breytt fyrra ástandi hennar. Þá kvaðst ákærða hafa átt við áfengisvandamál að stríða.

Niðurstöður.

Með framburði ákærðu, vitna, og niðurstöðu blóðrannsóknar þykir fullsannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í ákæruskjali greinir og þar þykir réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Þykir framburður ákærðu um áfengisneyslu, eftir að akstri lauk, í engu geta breytt hér um, enda ósannað, að um slíkt hafi verið að ræða. Jafnframt hefur ákærða viðurkennt, að sú neysla hefði varla breytt niðurstöðu blóðrannsóknar, þar sem að hennar sögn hefði verið um smáræði að ræða.

Við ákvörðun refsingar þykir með vísan til 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. l. nr. 101, 1976, mega taka nokkurt tillit til efnahags og aðstæðna ákærðu, en hún er 28 ára og þriggja barna móðir. Á hinn bóginn hefur dómsáttin er ákærða gekkst undir í sakadómi Akureyrar hinn 1. okt. 1982, ítrekunaráhrif í máli þessu. Þykir refsing ákærðu þannig ákveðin og með vísan til 80. gr. umferðarlaga hæfileg talin kr. 6.000.- í sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 6 vikna frá dómsuppsögu.

Með vísan til 81. gr. umferðarlaga er ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá dómsuppsögu.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Guðrún Ragna Aðalsteinsdóttir, greiði kr. 6.000.- í sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 6 vikna frá dómsuppsögu.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá 1. október 1983 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.